


A photograph of a rocky, coastal landscape. The ground is covered with numerous smooth, grey and brown stones of various sizes. A small, vibrant yellow flower with multiple tiny blossoms is growing in the center of the frame, nestled between the rocks. Some sparse, dry grass and small green plants are also visible among the stones. The background is a soft, out-of-focus white, suggesting a bright, open environment.

Hvers vegna skiptir algild hönnun máli?

Ástríður Stefánsdóttir

Yfirlit

- Hvað er átt við þegar talað er um hindranir? Hver eru áhrif þeirra á daglegt líf okkar?
- Hvað er algild hönnun (universal design)?
- Hvað er sagt um algilda hönnun í Samningi sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks?



[Edward Steinfeld](#), [Jordana Maisel](#)

John Wiley & Sons, 10. apr. 2012 - 408 síður



0 Gagnrýni ⓘ

A much-needed reference to the latest thinking in universal design

Universal Design: Creating Inclusive Environments offers a comprehensive survey of best practices and innovations in universal design. Written by top thinkers at the Center for Inclusive Design and Environmental Access (CIDEA), the book provides a comprehensive survey of best practices and innovations in universal design.

[More »](#)

Search inside

[Sjá sýnishorn úr bókinni »](#)

TÍMARIT UM UPPELDI OG MENNTUN



HEIM UM INNSKRÁ LEIT NÝJASTA ÚTGEFIÐ EFNI

Heim > Árg. 30, Nr 2 (2021) > Egilson

ALGILD HÖNNUN: LEIÐARLJÓS AÐ JAFNRÆÐI OG TÆKIFÆRUM TIL SAMFÉLAGSPÁTTTÖKU

Snæfríður Þóra Egilson, Sigrún Kristín Jónasdóttir

ÚTDRÁTTUR

Markmið þessarar greinar er að fjalla um algilda hönnun (e. universal design) í fræðilegu samhengi og með skirskotun í rannsóknir höfunda. Sjónum er einnig beint að stefnumótandi skjölum um algilda hönnun hér á landi. Algild hönnun er byggð á gildum um jafnræði og jafna möguleika til þátttöku í samfélaginu. Lögð er áhersla á að koma til móts við mannlegan margbreytileika, það er fólk með mismunandi eiginleika, hæfni og takmarkanir. Framan af beindust áherslur algildrar hönnunar fyrst og fremst að manngerðu umhverfi en í auknum mæli er nú einnig litið til félagslegs umhverfis, stefnumótunar, verklags og viðhorfa. Enn fremur hefur áhersla á notagildi umhverfis, vöru og þjónustu aukist. Síðustu ár hafa mannréttindaáherslur einkennt umfjöllun um hugtakið og með innleiðingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks hafa hérland stjórnvöld lýst yfir stuðningi við algilda hönnun í íslensku samfélagi. Þótt hér sé fyrst og fremst fjallað um hugtakið í tengslum við fötun hefur það mun viðtækari skirskotun, eins og fram kemur í greininni.

EFNISORÐ

algild hönnun; efnislegt og félagslegt umhverfi; aðgengileiki; notagildi; jafnræði; stefnumótun

Leiðbeiningar fyrir greinarhöfunda og ritrýna

UM HÖFUNDA

Snæfríður Þóra Egilson
Háskóli Íslands

Snæfríður Þóra Egilson (sne@hi.is) er prófessor í fötunarfræði við Háskóla Íslands. Hún lauk diplómaprófi í iðjuþjálfun í Osló árið 1981, meistaraþrófi í iðjuþjálfun frá Háskólanum í San Jose í Kaliforníu árið 1994, og doktorsþrófi í

Hindranir



Hvað er hindrun?

- Við upplifum öll einhverjar hindranir, þær móta líf okkar, hugmyndir okkar og tækifæri í lífinu
- Hindranir eru í byggingum d: lyftur, stigar, hurðir
- Geta einnig komið fram í hönnun húsgagna d: þröngra stóla með örmum á biðstofum, flugsætum, of lágir stólar, of háir stólar
- Geta verið sálrænar d: einelti, lyftuhræðsla, ótti við að tala í síma
- Netstýrt aðgangskerfi d: klapp hjá strætó, ferðagjöfin, covid próf
- Tungumál, letur, texti, hljóð
- Loftmengun d: flugeldamengun á gamlárskvöld

Hver eru áhrif hindrana?

- Lykilþáttur í hugmyndinni um borgaraleg réttindi (civil rights) er að hafna aðskilnaði; hvítir/svartir, konur/karlar o.sv.frv.
- Aðskilnaður er leið til að takmarka aðgang hópsins sem hefur minni völd að gæðum samfélagsins
- Aðskilnaður milli fatlaðs fólks og ófatlaðs fólks birtist á margvíslegan hátt. Öflugasti aðskilnaðurinn fólst í vistun fatlaðs fólks á sólarhringsstofnunum (D: Bíbí)
- Algild hönnun er leið til að brjóta niður þennan aðskilnað og greiða öllum leið að gæðunum
- Skoðum nokkur dæmi um aðskilnað



Dæmi I:
Heilsugæsla

Dæmi II: Verslanir, kaffihús (rampur.is)

Fyrir framkvæmd



Eftir framkvæmd





Dæmi III





Að stýra með hindrunum: Raðir á flugvöllum

Ýmis konar hindranir

- Hindranir í **efnislegu umhverfi** (d: stigar, þröskuldar)
- Hindranir í **félagslegu umhverfi**, upplýsingar og þjónusta. Viðhorf til fatlaðs fólks geta verið hindrun. Það reynir á að ferðast um umhverfi sem er skapað af ófötluðu fólki. Öráreiti er birtingarmynd fordóma og hindrun sem fatlað fólk mætir í félagslegu umhverfi.
- Hindranir í **efnislegu og félagslegu umhverfi** oft samþætt: „Það getur haft þau áhrif að fólk lætur sér „ekki einu sinni detta í hug að fara að gera eitthvað“

(Snæfríður Þóra Egilsson, Sigrún Jónsdóttir, 2021: bls.119)

Ósýnilegar hindranir

- Einkarými og opinber rými (d: markaðstorg)
- Afmörkuð svæði eru einnig í netheimum
- Að helga sér svæði („eiga“ borð á lesstofu eða í skrifstofurými)
- Friðhelgi vísar til persónulegs svæðis sem ég hef vald yfir,-dæmi um ofbeldi ef farið er inn fyrir mitt svæði-


Svæði og vald

- Samkeppni um góð svæði, þau geta endurspeglað vald (d: Starbucks)
- Þeir sem eru í veikri stöðu hafa lítið vald yfir umhverfi sínu og svæði sínu (dæmi sjúklingur á spítala, heimilisláusir)
- Fólk með lágar tekjur hefur minna vald og möguleika á að móta umhverfi sitt d: verkamannabústaðir, fátækrahverfi, flóttamannabúðir, fangelsi

Algild hönnun



Algild hönnun (Universal design)



Hvað merkja þessi svið

- Félagslegt réttlæti
 - Á að tryggja réttláta dreifingu gæða samfélagsins. Dæmi um slík gæði geta verið menntun, heilbrigðisþjónusta, vinna, tómstundir (það sem við metum mikils í lífi okkar í samfélaginu)
- Fötlunarfræði
 - Fræðigrein sem rannsakar stöðu fatlaðs fólks í samfélaginu, leggur áherslu á að draga fram þeirra eigin sýn á líf þeirra og vinnur að því að útrýma kúgun og mismunun fatlaðs fólks svo það geti tekið þátt í samfélaginu til jafns við aðra
- Hönnun
 - Hönnuðir, verkfræðingar, tölvufræðingar o.fl. byggja á hugmyndafræðinni og útfæra lausnir

Hvað er algild hönnun?

- Algild hönnun er ferli, við þurfum að stefna að því (ideal)
- Hér er vísað til hönnunar t.d. mannvirkja, netlausna, þjónustu menntunar o.fl.
- Er ekki einungis fyrir fatlað fólk heldur fjölmarga aðra hópa

Skilgreining á algildri hönnun

„Universal design is a **process** that enables and empowers a diverse population by improving human performance, health and wellness, and social participation.“ (Steinfeld & Maisel, bls.29)

Algild hönnun er ferli sem hvetur og valdeflir ólíka þjóðfélagshópa með því að bæta getu okkar, heilsu og vellíðan ásamt því að tryggja þátttöku okkar allra. (þýð.höf)

Hvað skiptir máli í algildri hönnun?

- *Mannréttindi*: mikilvægt að allir hafi jöfn tækifæri og við séum öll jafn mikilvæg
- *Að viðurkenna fjölbreytileiki mannlífsins*: Búum öll við einhverjar skerðingar sem geta hindrað okkur í að ná markmiðum okkar
- *Aðgengi að gæðum samfélagsins*: Gæði samfélags eru af ólíkum toga, andleg veraldleg, siðferðileg. Dæmi: þjónusta, nám, heilsa, að ráða lífi sínu (sjálfræði). Ýmislegt í umhverfi sem getur hindrað suma en ekki aðra í að hafa aðgang að þessum gæðum.
- *Hindranir*: Algild hönnun gengur út á að greina hindranir í þessu samhengi og velta fyrir sér hvernig má ryðja þeim úr vegi

Fjölbreytilegt mannlíf:

Hreyfihamlað fólk
Feitt fólk
Blint fólk
Aldrað fólk
fólk framtíðarinnar
Fólk með þroskahömlun

Greina og skilja hindranir

Hanna umhverfi án
hindrana

Gæði:

Þjónusta (d: heilbrigðisþjónusta)

Tómstundir (d: kaffihús, (sjá rampur.is)

Heilsa og vellíðan (d: hreyfing, loftgæði)

Sjálfbærni (D: hindra óþarfa sóun
náttúruauðlinda)

Siðferðileg gildi (sjálfræði fyrir alla)

Menntun (námsumhverfi við hæfi)

Muna eftir samráði við alla hópa

„Þótt brýnt sé að útfæra algilda hönnun með hliðsjón af reglum og viðmiðum mega áherslur ekki einskorðast við tæknilega útfærslu eða staðlaðar lausnir...**Persónuleg reynsla fólks endurspeglar það hvort algild hönnun er nothæf** og vænleg til árangurs. Við viljum því árétta nauðsyn þess að afla upplýsinga frá notendum sjálfum og tryggja að þeir séu hafðir með í ráðum “

(Snæfríður Þóra Egilssons, Sigrún Jónsdóttir, 2021: bls 126)

Verðum við að hugsa um alla?

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks:

„Til að gera fötluðu fólki kleift að lifa sjálfstæðu lífi og taka fullan þátt á öllum sviðum lífsins skulu aðildarríkin gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja fötluðu fólki aðgengi, til jafns við aðra, að efnislegu umhverfi sínu, samgöngum, upplýsingum og samskiptum, þ.m.t. samskiptatækni og -kerfi og að annarri aðstöðu og þjónustu sem opin er eða veitt almenningi hvort sem er í þéttbýli eða dreifbýli. (Þingskjal nr. 960/2020–2021, 9.gr.)“ (bls.116)

Hvers vegna skiptir algild hönnun máli?

- Áhersla á algilda hönnun í mannréttindasáttmála sem við erum aðilar að og því á okkar löggjöf að taka mið af algildri hönnun.
- Forsenda þess að allir hafi jöfn tækifæri þar sem algild hönnun greiðir aðgengi allra að mikilvægum gæðum
- Algild hönnun er lykilatriði fyrir lýðræði og félagslegt réttlæti

Takk fyrir!



Innleiðing algildrar hönnunar

- Macrostig: Mannréttindasamningar, lög og reglugerðir
 - d:SRFF, lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018
- Mesostig: Þar fer fram skipulag og útfærsla. Þar gildir að algild hönnun sé höfð að leiðarljósi og útfærð í tæknilegum stöðlum og forskriftum
 - d: skoðunarlista Húsnæðis og mannvirkjastofnunar.
- Míkró-stig: Þar snýst algild hönnun um notagildi og fýsileika út frá reynslu og sýn fólksins sem um ræðir, til dæmis hvort það geti farið ferða sinna með tilliti til tíma eða orku af hálfu þess og annarra.
 - Við teljum að það sé hér sem skórinn kreppir einna helst að...því þrátt fyrir yfirlýsta stefnu, jákvæð viðhorf og góðan vilja veit fólk oft ekki hvernig hægt er að koma til móts við fjölbreytileikann (bls.121)

Gefin voru út sjö leiðbeinandi meginviðmið við hönnun (sjá einnig K. 4 bls.72)

- (1) Að gætt sé jafnræðis og sanngirni
- (2) sveigjanleika í notkun til að koma til móts við mannlegan margbreytileika.
- (3) auðskilið sé hvernig nota á vöru óháð reynslu, þekkingu, tungumálakunnáttu eða öðru
- (4) upplýsingar séu tiltækar og vel greinanlegar fyrir mismunandi hópa fólks.
- (5) Það þarf að vera svigrúm fyrir mistök við notkun vörunnar og hætta á slysum og óhöppum skal vera í lágmarki.
- (6) Hönnunina þarf að vera hægt að nota á þægilegan og áhrifaríkan hátt með takmarkaðri fyrirhöfn og áreynslu.
- (7) Enn fremur skal huga að stærð og rými þannig að hönnunin henti mismunandi líkamsstærðum, -stöðum og hreyfanleika (Center for Universal Design, 1997).